

FUNDARGERÐ

26. Fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.

Fundarstaður: Ráðhús Árborgar

Fundartími: Fimmtudagur 22. Júní 2017 kl. 13.30

Mættir: Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon. Auk þeirra mættu til fundarins stjórnarmenn Sólheima ses. þeir Sigurjón Örn Þórsson, Magnús Ólafsson og Björg Fenger sem sæti á í fulltrúaráði Sólheima

Ritari fundarins: Ásgeir Magnússon

Dagskrá fundarins.

1. Nýkjörinn formaður stjórnar Sólheima ses Sigurjón Örn Þórðarson óskaði eftir fundi með stjórn Bergrisans.

Formaður stjórnar Sólheima og stjórnarmenn gerðu grein fyrir erfiðri stöðu í rekstri heimilisins og óskuðu eftir viðbótarframlögum til að mæta halla á rekstrinum.

Stjórnarmenn Bergrisans gerðu grein fyrir stöðunni í rekstri á málefnum fatlaðra á Suðurlandi og því að svigrúmið til viðbótarframlaga væri ekki fyrir hendi. Málið reifað frá ýmsum hliðum án niðurstöðu.

2. Fundur með velferðarráðherra

Ákveðið að óska sem fyrst eftir fundi með Þorseini Víglundssyni velferðarráðherra og var Ásgeir falið að hafa samband við ráðuneytið vegna þessa

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.50

Ásta Stefánsdóttir formaður

Aldís Hafsteinsdóttir

Ásgeir Magnússon